

Innleiðing stafræns pósthólfs Ísland.is

Leiðbeiningar

Inngangur

Skylda sveitarfélaga til þess að birta gögn stafrænt

Samkvæmt lögum um stafrænt pósthólf í miðlægri þjónustugátt stjórnvalda, [nr. 105/2021](#), skulu opinberir aðilar, þ.m.t. sveitarfélög og stofnanir þeirra, birta gögn til einstaklinga og lögaðila í stafrænu pósthólfi (Ísland.is). Þegar gögn hafa verið gerð aðgengileg í stafræna pósthólfinu teljast þau hafa verið birt hlutaðeigandi viðtakanda með fullgildum hætti. Það þýðir t.d. að greiðsluáskorun eða stefna telst vera birt hlutaðeigandi.

Hvaða gögn ber að birta?

Samkvæmt ákvæðum laganna þurfa öll sveitarfélög að birta: „*hvers konar gögn, jafnt rituð sem í öðru formi, sem verða til við meðferð máls hjá stjórnvöldum, svo sem tilkynningar, ákvarðanir, úrskurðir, ákvaðir og aðrar yfirlýsingar*“.

Þrátt fyrir framangreint orðalag laganna er sveitarfélögum heimilt að birta hvers konar gögn stafrænt, þ.e.a.s. líka önnur gögn sem ekki hafa bein réttaráhrif á viðtakanda. Mikilvægt er að sveitarfélög taki afstöðu til þess hvaða gögn þau hyggjast birta í stafrænu pósthólfi.

Hvenær – Innleiðingaráætlun

Stafrænt Ísland hefur yfirumsjón með innleiðingu stafræna pósthólfsins í samráði við hlutaðeigandi stjórnvöld. Samband íslenskra sveitarfélaga gegnir samhæfingar- og aðstoðarhlutverki gagnvart sveitarfélögum.

Til þess að innleiða markmið laganna hefur Stafrænt Ísland útbúið [innleiðingaráætlun](#). Í þeirri áætlun er gert ráð fyrir því að sveitarfélögin innleiði að fullu stafrænt pósthólf í síðasta lagi hinn 1. janúar 2025. Í innleiðingaráætlun Stafræns Íslands má sjá að stofnun gerir ráð fyrir að innleiðing sveitarfélaga verði á 4. ársfjórðungi 2024. Það er að mati sambands sveitarfélaga nauðsynlegt að sveitarfélög .

Sérhvert sveitarfélag þarf að fara yfir efni sem það sendir einstaklingum og lögaðilum, taka afstöðu til þess hvað það hyggst birta í pósthólfinu og forgangsraða. Sveitarfélög þurfa að kortleggja og skrá þau kerfi sem geyma skjöl sem ætlunin er að birta, þar sem samþætta þarf viðeigandi kerfi við pósthólfið. Við kortlagningu er skynsamlegt að fara yfir með hvaða hætti skjöl eru skráð í viðkomandi kerfi. Eru nægilegar upplýsingar til staðar til að hægt sé að tengja viðkomandi upplýsingar við rétta birtingu og þá einstaklinga eða lögaðila sem við á.

Samband sveitarfélaga hefur tekið saman efnislista og flokkað efni og tegundir með það fyrir augum að auðvelda sveitarfélögum að innleiða pósthólfið. Hvert og eitt sveitarfélag ber eftir sem áður ábyrgð á framkvæmdinni og þarf að taka ákvarðanir um hvaða gögn það birtir. Sveitarfélög eiga í margskonar og margháttuðum samskiptum við íbúa og lögaðila og því áriðandi að þau hafi góða yfirsýn. Sambandið mælir með að sveitarfélögin flokki allt það efni sem það sendir íbúum sínum og lögaðilum í eftirfarandi flokka, merktir A-C, með það fyrir augum að skilgreina og forgangsraða því efni sem birta á í stafrænu pósthólfi. Listinn var unninn upp úr greiningu Reykjavíkurbog og hefur sambandið borið þessar leiðbeiningar undir Stafrænt Ísland sem er innleiðingar- og rekstraraðili pósthólfsins.

Íbúar og lögaðilar geta beðið um að fá gögn send á annan hátt, þ.e. á pappír. Í slíkum tilvikum er heimilt að innheimta gjald sem nemur kostnaði við sendingu, en ekki fyrir en eftir 1. janúar 2025. Ísland.is mun

halda utan um þær kennitölur sem beðið hafa um gögn á öðru formi og veita aðgang að þeim með vefþjónustu.

Flokkar

Við birtingu gagna í stafræna pósthólfinu er almennt miðað við að um sé að ræða efni sem á við um einstakling eða lögaðila og varðar hagsmuni þeirra sérstaklega. Í drögum að reglugerð um framkvæmd laga um stafrænt pósthólf í miðlægri þjónustugátt kemur m.a. fram að: „*Ekki skal birta þar almennt kynningarefni eða önnur gögn sem ekki varða sértæka hagsmuni viðtakanda.*“ Eftirfarandi leiðbeiningar við flokkun taka mið af því. Flokkunin er hugsuð til að leiðbeina sveitarfélögum við að ákveða hvað skuli birta og forgangsraða birtingum.

Flokkur A: Gögn sem skal að birta í pósthólfi

Undir flokkinn falla öll efnisatriði/gögn sem varða réttindi og skyldur einstaklinga og lögaðila, m.a. ákvarðanir og úrskurðir sem hafa áhrif á þjónustu sem hann fær í sveitarfélaginu. Í flokkinn falla svör við formlegum umsóknum um þjónustu eða leyfi sem sveitarfélagið veitir og úthlutar. Enn fremur allar ákvarðanir er varða fjárhagslega hagsmuni, svo sem breytingar á sköttum og gjöldum viðkomandi aðila. Svör við óformlegum fyrirspurnum og beiðnum, t.d. í ábendingarátt falla ekki í þennan flokk. Dæmi um efnisatriði sem eru í flokki A:

- Úrlausnir umsókna og beiðna einstaklinga og lögaðila um þjónustu.
- Gögn er snúa að eignum einstaklinga og lögaðila s.s. álagning skatta eða annarra gjalda.
- Greiðsluáskoranir og ítrekanir.
- Staðfestingar á skólavist, frístund og dagvistun

Flokkur B: Gögn sem sveitarfélögum er í sjálfsvald sett hvort þau birta í pósthólfi

Undir flokkinn falla þau efnisatriði/gögn er varða einstakling eða lögaðila persónulega en verða ekki til við „meðferð máls“. Sveitarfélagi er ekki skylt að birta slík gögn í stafrænu pósthólfi, en er það heimilt. Við birtingu gagna í pósthólfinu er mikilvægt að upplýsingarnar séu þannig að þær eigi við einstakling eða lögaðila með beinum hætti.

Í flokkinn falla upplýsingar eins og greiðslukvittanir eða staðfesting fyrir keyptum vörum eða þjónustu eða vegna greiddra gjalda. Upplýsingar er varða valkvæða keypta þjónustu eins og aðgang að bókasafni, sundlaug, líkamsrækt eða öðru félagsstarfi ásamt mögulegum breytingum á skilmálum er varða slíka þjónustu. Dæmi um gögn sem gætu fallið í flokk B:

- Hvað með áfallin skil í bókasafni eða sambærilegt?
- Staðfesting á mataráskrift í grunnskólum?
- Greiðslustaðfestingar vegna frístundar eða sumarnámskeiða
- Upplýsingar til launþega þegar sveitarfélag er vinnuveitandi t.d. launaseðlar og ráðningasamningar

Flokkur C: Gögn sem almennt ætti ekki að birta í pósthólfi

Í flokkinn falla almennar tilkynningar og auglýsingar sem ekki eiga sérstaklega við einstakling eða lögaðila ásamt efni sem ekki er hluti af meðferð máls og ekki varða tiltekna einstaklinga eða lögaðila sérstaklega. Dæmi um slíkar tilkynningar gæti verið breytingar á opnunartíma bókasafna, menningarhúsa eða sundlauga.

- Almennar auglýsingar og tilkynningar, svo sem breytingar á opnunartíma sundlauga eða annarra stofnana sveitarfélags.
- Gjaldskrárbreytingar í t.d. sundlaugum og bókasöfnum.

- Upplýsingar um viðburði og dagskrár hátíða og skemmtana.
- Upplýsingar t.d. úr skólastarfi eins og mætingar, umsagnir, skilaboð og tilkynningar.
- Almennar fyrirspurnir, samskipti og ábendingar.
- Almennar auglýsingar (hér er t.d. verið að hugsa um skiplagsmál).

Efnislisti

Samband íslenskra sveitarfélaga hefur með góðri aðstoð Reykjavíkurborgar útbúið lista yfir möguleg skjöl eða efnisatriði sem sveitarfélög senda eða birta íbúum og lögaðilum. Listinn er hugsaður til að hjálpa sveitarfélögum að

Skýringar við skjal

Dálkur	Skýring	Möguleg gildi
Birting	Efnisatriði eða skjal sem birt er einstaklingi eða lögaðila	Frjáls texti
Tegund samskipta	Eðli birtingar, er verið að auglýsa, er hún tilkomin sem svar við umsókn eða kröfu viðkomandi eða er verið að tilkynna viðkomandi (sveitarfélag hefur samskipti)	Auglýsing Svar Tilkynning
Efnisvið	Gróf flokkun á birtingu eftir hvaða málaflokki hún tilheyrir.	Skipulagsmál Umhverfismál Mannauðsmál Tónlistarskólar Dagvistun Leikskólar Grunnskólar Frístund Fasteignir Menningarmál Íþróttir æskulýðsmál Bókasöfn Dýrahald Velferðarmál Skjalasöfn Stjórnsýsla Heilbrigðismál
Flokkun	Birtingarflokkur sbr. flokkun hér að ofan	A: í pósthólf B: Valkvætt C: Ekki í pósthólf
Athugasemdir	Almennar athugasemdir	Frjáls texti
Kerfi	Sveitarfélag getur skráð í hvaða kerfi skjöl eru geymd.	Frjál texti
Ábyrgðaraðili efnis	Sá sem ber ábyrgð á efninu innan sveitarfélags	Frjáls texti
Skráning í kerfi	Flokkun á skráningu skjala í kerfi. Mat á því hvort hægt sé að birta skjöl úr kerfi án frekari aðkomu starfsmanna	Skjöl skráð á kennitölu og efni Skjöl ekki tengd kennitölu Skjöl ekki tengt efni Skjal er vistað án vísunar til efnis eða kennitölu